

Nd.

22. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flm.: Björn Hallsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Hróarstunguhjeraði skal skift i tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. *Hróarstunguhjerað*: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hliðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðahreppur og Eiðahreppur.
2. *Bakkahjerað*: Borgarfjarðarhreppur.

Greinargerð.

Síðan bústaður læknisins í Hróarstunguhjeraði var fluttur til Borgarfjarðar má svo segja, að hjeraðshreppar þess læknishjeraðs sje læknislausir með öllu. Hjeraðsmenn verða að vitja læknis ýmist i Brekku í Fljótsdal, niður til Borgarfjarðar eða á Vopnafjörð. Hver þessi leið, sem valin er, er langsótt og erfið, og má svo segja í öllum bráðum tilfellum, að hver og einn verði að deyja drottni sínum án þess til læknis náist i tæka tíð.

Reynslan er orðin sú, að Borgarfjarðarlæknir er mjög lítið sóttur af Hjer-
aði, sjerstaklega að vetrarlagi, sem stafar mest af því, hvað fjallgarðurinn á milli
Hjeraðs og fjarða er snjósæll og erfiður yfirferðar.

Sú leið er oft fremur valin, að sækja lækni upp í Brekku, af því sú
leið er innanhjeraðs, þótt vegalengd sje eins mikil, eða þá til Vopnafjarðar. En
þeir læknar eru ekki skyldir að fara í önnur læknishjeruð, ef þeir þurfa að
gegna sjúklingum í sinum hjeruðum, þótt þeir hafi gert það þegar þeir hafa
mögulega getað. Vissa er því engin fyrir því, að læknir fáist þegar búið er að
fara þessar löngu, dýru og erfiðu ferðir. Ástandið er því þannig, að menn eru
oft í óvissu, hvert á að vitja læknis. Allir sjá, að þetta er óviðunandi með öllu.

Reynslan er búið að leiða það í ljós, að Borgfirðingar og Hjeraðsmenn
geta aldrei hjeðan af sameinast um einn lækni. Sú leið virðist því tiltækilegust,
sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Mannfjöldi Hróarstunguhjeraðs var 1910 sem hjer segir: Í hjeraðshrepp-
unum, sem mynda eiga hið nýja Hróarstunguhjerað, 1021, og í Borgarfirði, hinu
fyrirhugaða Bakkahjeraði, 432 — eflaust fleira nú, t. d. í Borgarfirði um 500 manns.

Frekari greinargerð virðist óþörf, þar sem samskonar frv. lá fyrir síðasta
þingi, og svo verður málið skýrt nánar við framsöguna.